

REGLUGERÐ

um breytingu a reglugerð um viðurkenningu á innkaupsverði sérlyfja
nr. 244/1974 með síðari breytingu.

1. gr.

2. gr. orðist svo:

Sækja ber um sérhverjar breytingar á fob- eða cif-verði sérlyfs og miða við þá gjaldeyristegund, sem innkaupsverð er reiknað út frá.

Umsókn um hækkunar á verði skal senda heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, lyfjamáladeild, með a.m.k. 6 vikna fyrirvara miðað við 1. janúar, 1. apríl, 1. júlí og 1. október ár hvert.

Umsóknir um lækkunar á verði skal senda á sama stað með 2 vikna fyrirvara miðað við hver mánaðamót.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 69. gr. lyfsölulaga nr. 30 29. apríl 1963 og öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 18. september 1992.

Sighvatur Björgvinsson.

Einar Magnússon.